

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 204/1987. **Hjördís Oddgeirsdóttir**

gegn

Gunnari Sigurgíslasyni og**Ásdísi Hafliðadóttur**

Kærumál. Réttarsáttir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. þ.m., er barst Hæstarétti 22. þ.m. Er þess krafist að „hrundið verði úrskurði héraðsdómara og dæmt að málsaðiljum sé rétt að fella málið niður“.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki borist kröfur né greinargerð.

Í máli sem varnaraðilar höfðu höfðað á hendur sóknaraðila gekk dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 10. apríl sl. og var sóknaraðili dæmdur til þess að greiða varnaraðilum 18.000,00 krónur ásamt vöxtum, svo og málskostnað. Lögmaður sóknaraðila krafðist endurupptöku nefnds bæjarþingsmáls í því skyni að sátt yrði gerð í því. Lögmaður varnaraðila samþykkti kröfu þessa. Héraðsdómari, Kristjana Jónsdóttir settur borgardómari, hafnaði kröfu þessari með hinum kærða úrskurði.

Kæra máls þessa til Hæstaréttar er heimil skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1987.

Ekki verður talið að í lögum nr. 85/1936 sé að finna heimild til endurupptöku máls sem efnisdómur hefur verið kveðinn upp í. Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936 er hins vegar að finna heimild til þess að gera réttarsátt um málsefni sem dæmt hefur verið í héraði næstu 9 mánuðum eftir birtingu dóms.

Málsaðiljar bæjarþingsmálsins nr. 21498/1986: Gunnar Sigurgíslason og Ásdís Hafliðadóttir gegn Hjördísi Oddgeirsdóttur, óska eftir því að gera sátt þess efnis að framangreint bæjarþingsmál verði fellt niður og jafnframt hefur sóknaraðili lýst því yfir að hann muni stefna málinu fyrir bæjarþing að nýju.

Ekki verður talið að 4. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936 heimili sátt þess efnis sem að framan greinir og ber því að synja kröfu málsaðilja um gerð sáttarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu málsaðilja bæjarþingsmálsins nr. 21498/1986 Gunnar Sigurgíslason og Ásdís Hafliðadóttir gegn Hjördísi Oddgeirsdóttur um að gera sátt í fyrrgreinda átt er hafnað.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 47/1986. **Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Guðjóni F. Teitssyni

og gagnsök

(sjálfur)

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Lífeyrisréttur. Máli að hluta vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 25. febrúar 1986. Dómkröfur hans eru þessar: